

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. að sett verði gangbrautarljós, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra, á Suðurgötu skammt sunnan Sturlugötu,
2. að settar verði gangbrautarmeringar, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra, á eftirtöldum stöðum á Hverfisgötu:
vestan Ingólfsstrætis,
á móti Þjóðleikhúsinu,
vestan við Klapparstíg,
vestan við Frakkastíg,
vestan við Barónsstíg.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 3. nóvember 2016.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 18. nóvember 2016